

An aerial photograph of a coastal town and harbor. The town is built on a peninsula, with a large harbor in the foreground. The harbor is filled with various structures, including a large industrial facility with several tall chimneys emitting white smoke. The water is a deep blue, and the sky is clear. In the background, there are large, flat-topped mountains. The text "Ársreikningur 2021" is overlaid in white on the right side of the image.

Ársreikningur 2021


26. apríl 2022



Samstæðureikningur

- Rekstrartekjur

- Rekstrartekjur samstæðu á árinu 2021 námu samtals kr. 9.424 m.kr. og aukast um 15,6% milli ára.
- Þar af hækka útsvar og fasteignaskattar um rúmar 516 m.kr. eða sem nemur 10,2%.
- Framlög jöfnunarsjóðs hækka um rúmar 296 m.kr. (23,7%) og aðrar tekjur aukast um 459 m.kr. (25,1%).
- Meðaltekjuvöxtur kaupstaðarins á árunum 2015-2021 nemur 8,5% og er því tekjuvöxtur ársins (15,6%) talsvert yfir meðaltali síðustu ára.







Greiðslur til útsvarsgreiðenda á Akranesi

Hækkun staðgreiðsluskyldra greiðslna um 1.447 m.kr. milli ára en launagreiðslna um 1.934 m.kr. og lækkun atvinnuleysisgreiðslna um 414 m.kr. á milli ára

Allar staðgreiðsluskyldar-, launa-, atvinnuleysis- og fæðingarorlofsgreiðslur á Akranesi 2016-2022




Launagreiðslur á Akranesi árstíðarleiðréttar 2019-2021






Þróun launagreiðslna, fjölda launþega og launagreiðenda

Launagreiðslur á uppleið frá apríl 2020 og góður vöxtur í fjölda launþega og fjölda launagreiðenda




Fjöldi einstaklinga sem fá greidd staðgreiðsluskyld laun vex á ný

Fjöldi einstaklinga sem fá greidd staðgreiðsluskyld laun



Fjöldi launagreiðenda sem greiða staðgreiðsluskyld laun aldrei verið fleiri

Fjöldi launagreiðenda sem greiða staðgreiðsluskyld laun







Þróun launagreiðslna og fjölda launþega

Allar atvinnugreinar á Akranesi að styrkjast og fjölga störfum milli ára um 247

Launagreiðslur skipt niður á atvinnugreinar á Akranesi árið 2021



Þróun launagreiðslna eftir atvinnugreinum frá 2008-2022






Samstæðureikningur

• Rekstrargjöld

- Rekstrargjöld samstæðu á árinu 2021 námu samtals, að meðtöldum afskriftum, kr. 9.278 m.kr. og aukast um 10,7% milli ára.
- Þar af hækka launagjöld án lífeyrisskuldbindinga um 427 m.kr. eða sem nemur 7,8%.
- Lífeyrisskuldbinding hækkar um 143,6 m.kr. eða sem nemur 36,6% og annar rekstrarkostnaður hækkar um 305 m.kr. (13,5%). Afskriftir aukast um 21,8 m.kr. milli ára eða 9%.
- Rekstrargjöld, án afskrifta, aukast því um kr. 875,6 m.kr. milli ára en rekstrartekjur aukast á sama tíma um 1.272 m.kr. og eru því rekstrartekjur að aukast um 396 m.kr. umfram rekstrargjöld á tímabilinu.

Þróun rekstrargjalda






Samstæðureikningur

• Rekstrarafkoma

- Rekstrarafkoma fyrir óreglulega liði er jákvæð sem nemur 308,9 m.kr. á árinu 2021 en var neikvæð sem nam -21,3 m.kr. á árinu 2020.
- Á árunum 2018 til og með 2020 var rekstrarafkoma jákvæð, fyrir óreglulega liða, að meðaltali 446 m.kr.
- Talsverð sveifla hefur verið á hlutfalli rekstrarafkomu af rekstrartekjum en var það neikvætt um 0,3 % á árinu 2020 en er nú jákvætt um 3,3 % fyrir árið 2021. Á árunum 2018 til og með 2020 er hlutfallið að meðaltali 5,7%.

Þróun rekstrarafkomu fyrir óreglulega liði






Samstæðureikningur

• Rekstrarafkoma

- Rekstrarafkoma, að teknu tilliti til óreglulegra liða, er jákvæð sem nemur 578,4 m.kr. á árinu 2021.
- Óreglulegir liðir á árinu 2021 voru samtals tekjur að fjárhæð 269,5 m.kr. Er það tilkomið vegna gatnagerðartekna v. þéttingu byggðar sem námu 212,4 m.kr., tekjur vegna fyrra árs 103,2 m.kr. og fasteignakaup vegna skipulags að fjárhæð 46,1 m.kr.
- Rekstrarafkoma, að teknu tilliti til óreglulegra liða, á árinu 2020 nam 133,1 m.kr. en þar voru óreglulegir liðir 154,4 m.kr.






Samstæðureikningur

• Þróun efnahagsreiknings

- Heildareignir í árslok nema 15.550 m.kr. og hækka því um 706 m.kr. milli ára.
- Þar af aukast fastafjármunir um 627,6 m.kr. og skammtímafröfur hækka um 318 m.kr.
- Handbært fé lækkar um 239 m.kr.
- Skuldir og skuldbindingar samstæðu í árslok nema 6.517 m.kr. en þær hækka um 68 m.kr. milli ára.
 - Skuldir við lánastofnanir eru í árslok 918,6 m.kr. og lækka um 138 m.kr.
 - Lífeyrisskuldbinding nemur í árslok 3.916 m.kr. en þær hækka um 140,6 m.kr. frá fyrra ári.
- Eigið fé í árslok nemur 9.033 m.kr. og er eiginfjárlutfall í árslok 58% og hækkar því um 1 % stig frá fyrra ári.






Samstæðureikningur

- **Þróun lífeyrisskuldbindingar**

- Lífeyrisskuldbinding nemur í árslok 3.916 m.kr. og hækkar um 140,6 m.kr. frá fyrra ári.
- Á árinu 2021 var greitt inn á lífeyrisskuldbindingu 373,5 m.kr. eða 178 m.kr. minna en á árinu 2020.






Samstæðureikningur

• Sjóðstreymi


- Handbært fé frá rekstri á árinu nemur 1.077 m.kr. og hækkar því um rúmar 80 m.kr. milli ára eða sem nemur 8%.
- Fjárfestingarhreyfingar tímabilsins nema tæpum 761 m.kr. og hækkar því um 90 m.kr. milli ára. Þar af nemur fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum 1.063 m.kr.
- Fjármögnunarhreyfingar tímabilsins eru neikvæðar sem nemur 556 m.kr. Þar af námu afborganir langtímalána 222 m.kr. og greidd lífeyrisskuldbinding 373 m.kr.
- Handbært fé í árslok nemur 1.571 m.kr. en nam 1.810 m.kr. í árslok 2020 og hefur því lækkað um rúmar 239 m.kr. milli ára eða sem nemur 13,2%.






Veltufé frá rekstri

Veltufé frá rekstri A og B hluti




Veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum






Fjárfestingar A og B hluta

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum




Stærstu fjárfestingaverkefni 2021 (í þús. kr.)





Samstæðureikningur

- Lykiltölur
- Fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga
 - Þróun rekstrarjafnaðar á þriggja ára tímabili heldur áfram að vera jákvæður og nemur 2.060 m.kr. í árslok 2021.
 - Samanlögð rekstrarafkoma síðustu þriggja ára fyrir óreglulega liði, þ.e. meðal annars uppgjör á lífeyrisskuldbindingum, nemur samtals 908 m.kr.
 - Skuldaviðmið, þ.e. heildarskuldir og skuldbindingar A- og B- hluta sem hlutfall af reglulegum tekjum nema í árslok 2021 20% en hámarkið er 150%.






Samstæðureikningur

- Lykiltölur

- Skuldahlutfall, þ.e. skuldir sem hlutfall af rekstrartekjum hefur farið markvisst lækkandi frá árinu 2016 þegar það nam 99% og nemur það nú 69%.
- Eiginfjárlutfallið hefur að sama skapi farið hækkandi, frá því að standa í 55% í lok árs 2016 yfir í það að standa í 58% í árslok 2021.






Samstæðureikningur

- Lykiltölur

- EBITDA framlegð hefur verið að minnka undanfarin ár en EBITDA framlegð nam 11,6 % árið 2017.
- EBITDA framlegð á árinu 2021 nemur 4,4% en á árinu 2020 nam það 0,2%.
- EBITDA framlegð á árunum 2017 til 2020 nam að meðaltali 7,6% og er því EBITDA framlegð ársins 2021 undir meðaltali árunna á undan.
- EBITDA framlegð var áætluð neikvæð um 1,82% í fjárhagsáætlun með viðaukum.






Samstæðureikningur

- Lykiltölur


- Veltufjórhlutfall, þ.e. veltufjórmunir sem hlutfall af skammtímaskuldum, nemur 1,8 í árslok 2021 hjá samstæðunni. Það er aðeins undir meðaltali veltufjórhlutfalls áráanna 2017 til og með 2020 sem nemur 2,0.
- Veltufjórhlutfall sýnir sem fyrr hæfi samstæðunnar til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur næstu 12 mánuðum og ætti helst ekki að vera lægri en 1,0 til lengri tíma litið.






Samstæðureikningur

Framlegðarhlutfall



Veltufé frá rekstri






A - hluti

• Rekstrartekjur

- Útsvör og fasteignagjöld hækkuðu um 516 m.kr. frá árinu 2020 og eru 5.598 m.kr. á árinu 2021. Það 10,16% hækkun milli ára.
- Síðustu ár hefur dregið úr vexti á útsvari og fasteignasköttum milli ára en eykst aftur milli 2020-2021.
 - 2017-2018 : 10,16%
 - 2018-2019 : 6,14%
 - 2019-2020 : 4,08%
 - 2020-2021 : 10,16%
- Framlög Jöfnunarsjóðs hafa lækkað undanfarin ár en hækka núna aftur á árinu 2021 og eru 1.547 m.kr. á árinu 2021 og hækkuðu því um 296 m.kr. frá árinu 2020 eða um 23,7%.
- Aðrar tekjur hækka um 267 m.kr. frá árinu 2020 og eru 1.071 m.kr. á árinu 2021. Það er hækkun um 33,3%.






A - hluti

- Laun og launatengd gjöld
 - Á árinu 2021 voru launagjöld utan lífeyrisskuldbindingar alls 4.949 m.kr. eða 6 en lífeyrisskuldbinding nam 532 m.kr.
 - Hlutfall launa með lífeyrisskuldbindingu var 66,71% sem hlutfall af rekstrartekjum en hlutfall launa án lífeyrisskuldbindingar var 60,23%.
 - Launagjöld hækka um 372 m.kr. frá árinu 2020 eða um 8,1%. Launavísitala á árinu 2021 hefur hækkað um 7,5%.
 - Viðbótarkostnaður vegna atvinnuátaksverkefnis – sumarstörf og hefjum störf var um 88,8 m.kr. á árinu 2021 en endurgreiðslur frá Vinnumálastofnun námu 44 m.kr. á árinu 2021.
 - Laun og launatengd gjöld hafa hækkað um 1.214 m.kr. frá árinu 2018 eða um 35,59%. Launavísitala frá 2018 hefur hækkað um 32,5%.

Laun og launatengd gjöld






A - hluti

- Annar rekstrarkostnaður


- Á árinu 2021 var annar rekstrarkostnaður 2.446 m.kr. eða 29,77% hlutfall af rekstrartekjum.
- Annar rekstrarkostnaður hækkar um 296 m.kr. frá árinu 2020 eða um 13,8%. Vísitala neysluverðs á árinu 2021 hefur hækkað um 5,7%.
- Annar rekstrarkostnaður hefur hækkað um 697 m.kr. frá árinu 2018 eða um 39,9%.





Málefni fatlaðra

- Rekstrarafkoma 2011-2021
 - Á árinu 2018 kemur inn aukaframlag frá Jöfnunarsjóði og er því rekstrarafkoma jákvæð sem nemur 131 m.kr. það árið.
 - Á árinu 2021 er rekstrarniðurstaða neikvæð sem nemur 250 m.kr. eða 22 m.kr. meira tap en á árinu 2020.
 - Á árinu 2021 eru gjöld 205 m.kr. hærra en á árinu 2020 og tekjur 183 m.kr. hærri en á árinu 2020.
 - Uppsafnað rekstartap Akraneskaupstaðar af málefnum fatlaða frá tilfærslu frá ríkinu til sveitarfélaga árið 2011 er 717 m.kr.





Sjóður A - hluta


- Aðalsjóður
 - Hlutverk Aðalsjóðs er umsjón með hefðbundinni starfsemi sveitarfélagsins er lýtur fyrst og fremst að lögbundnum verkefnum þess og heyrir sjóðurinn beint undir sveitarstjórn. Starfsemi Aðalsjóðs er að mestu fjármögnuð af skatttekjum.
 - Rekstrartekjur ársins námu 8.269 m.kr. og eru því tæpum 1.061 m.kr. hærri en áætlanir með viðaukum gerðu ráð fyrir, mismunurinn liggur aðallega í 507 m.kr. hærri skatttekjum en áætlun með viðaukum gerði ráð fyrir og vegna hærri framlaga frá Jöfnunarsjóðir en greiðslur voru 277 m.kr. hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir.
 - Rekstrargjöld tímabilsins námu 8.351 m.kr. en áætlanir höfðu gert ráð fyrir rekstrargjöldum að fjárhæð kr. 7.729 m.kr. og voru rekstrargjöld því samtals 622 m.kr. yfir áætlun tímabilsins.
 - Rekstrarafkoma, fyrir fjármagnsliði, er neikvæð sem nemur 82,1 m.kr.
 - Fjármagnstekjur, umfram fjármagnsgjöld, námu 608,3 m.kr. og er því rekstrarniðurstaða ársins fyrir óreglulega liði jákvæð sem nemur 526 m.kr. en áætlanir höfðu gert ráð fyrir neikvæðri rekstrarafkomu að fjárhæð 25,5 m.kr. í rekstrarafkomu tímabilsins.
 - Óreglulegir liðir voru jákvæðir sem nemur 49,8 m.kr. og er því rekstrarafkoma Aðalsjóðs A-hluta jákvæð sem nemur 575,9 m.kr. en áætlun með viðaukum gerðu ráð fyrir neikvæðri rekstrarafkomu sem nemur 70,1 m.kr.
 - Eignir í árslok nema 14.058 m.kr. og skuldir og skuldbindingar nema samtals 5.076 m.kr. Eigið fé nemur því 8.982 m.kr.





- Ráðstöfun skatttekna til málaflokka
 - Hlutfallslega fer hæsta hlutfall skatttekna í fræðslu og uppeldismál eða sem nemur 43,9% af heildarskatttekjum Aðalsjóðs en fór lækkandi frá árinu 2020 þegar það var 48,1%.
 - Þar næst kemur Félagsþjónustan með 21% af heildarskatttekjum Aðalsjóðs en á árinu 2020 var hlutfallið 19,5%.
 - Áfallin lífeyrisskuldbinding nemur 6,7% af heildarskatttekjum Aðalsjóðs og Æskulýðs- og íþróttamál er með 11,5% af heildskatttekjum Aðalsjóðs.
 - Sameiginlegur kostnaður er með 6,8% sem hlutfall af heildarskatttekjum Aðalsjóðs.

Ráðstöfun skatttekna til málaflokka





Sjóðir A - hluta

- Eignasjóður
 - Eignasjóður er alfarið í eigu Akraneskaupstaðar og hefur með höndum umsýslu fastafjármuna sem nýttir eru fyrst og fremst af aðalsjóði sveitarfélagsins. Eignasjóður annast meðal annar framkvæmdir, nýbyggingar, rekstur fasteigna og annarra mannvirkja fyrir hönd Akraneskaupstaðar.
 - Rekstrartekjur sjóðsins námu 945 m.kr. á árinu og rekstrargjöld sama tímabils námu 855,7 m.kr. Fjármagnsliður voru neikvæðir að fjárhæð 301 m.kr. Óreglulegir liðir voru tekjur að fjárhæð 212,4 m.kr. og komu til vegna gatnagerðargjalda v. þéttingu byggðar. Rekstrarhagnaður nam 443 þús.kr.
 - Eignir í árslok námu 4.453 m.kr., skuldir á sama tíma námu 3.738 m.kr. og Eigið fé nam 715 m.kr.
- Fasteignafélag Akraneskaupstaðar slf.
 - Félagið er að fullu í eigu Akraneskaupstaðar, 99% með beinni eignaraðild og 1% í eigu einkahlutafélags sem kaupstaðurinn á einnig að fullu.
 - Tilgangur félagsins er að eiga og reka fasteignir, stunda eignaumsýslu ásamt tengdum rekstri.
 - Rekstrartekjur ársins námu 161,4 m.kr., rekstrargjöld á sama tímabili námu 126,2 m.kr. Fjármagnsliðir voru neikvæðir að fjárhæð 114 m.kr. Rekstrartap tímabilsins nam 78,7 m.kr.
 - Eignir í árslok námu 2.233 m.kr., skuldir á sama tíma námu 1.622 m.kr. Eigið fé í árslok nam 611 m.kr.
- Byggðasafnið í Görðum
 - Hlutverk byggðasafnsins er að safna, skrásetja, varðveita, forverja og rannsaka minjar um menningar- sögu þjóðarinnar og kynna þær almenningi. Byggðasafnið er sameignarfélag og hlutur Akraneskaupstaðar er 90%.
 - Rekstrartekjur ársins námu 76,6 m.kr., rekstrargjöld tímabilsins námu 66,6 m.kr. Rekstrarniðurstaða er jákvæð sem nemur 9,6 m.kr.
 - Eignir í árslok námu 88 m.kr., skuldir á sama tíma námu 9,8 m.kr. og Eigið fé nam 78,3 m.kr.





Sjóðir B - hluta

- Fasteignafélag Akraneskaupstaðar ehf.
 - Félagið er að fullu í eigu Akraneskaupstaðar en óverulegur rekstur er í félaginu en markmið þess er að efla íþróttastarfsemi innan Akraneskaupstaðar.
 - Tap af rekstri félagsins nam 7 þ.kr. á árinu. Eignir í árslok námu 481.757 kr., skuldir námu 155.321 kr. og nam eigið fé í árslok 326.436 kr.
- Gáma
 - Gáma er að fullu í eigu Akraneskaupstaðar, félagið sér um rekstur móttökustöðvar fyrir sorpúrgang íbúa á Akranesi.
 - Rekstrartekjur félagsins námu 97,4 m.kr. og hagnaður af rekstri félagsins nam 5,9 m.kr. á árinu.
 - Eignir í árslok námu 35,4 m.kr. og heildarskuldir 30,4 m.kr.
 - Eigið fé í árslok var jákvætt um 4,9 þ.kr.
- Háhiti ehf.
 - Háhiti ehf., er að fullu í eigu Akraneskaupstaðar og er tilgangur félagsins iðnaðarframleiðsla, innflutningur, smásala og heildsala, rekstur fasteigna og lánastarfsemi.
 - Tap af rekstri Háhita á árinu nam 250.155 kr. Eignir félagsins í árslok námu 18.857 kr. og skuldir 2.062695 kr. Eigið fé var neikvætt um 2.043.838 kr.
- Höfði hjúkrunar- og dvalarheimili
 - Eignarhluti Akraneskaupstaðar í Höfða hjúkrunar- og dvalarheimili nemur 90%.
 - Tekjur Höfða námu 1.286 m.kr. á árinu, gjöld sama tímabils námu 1.197 m.kr. og rekstrarhagnaður tímabilsins var 65,5 m.kr.
 - Eignir í árslok námu 785 m.kr. og skuldir námu 516,4 m.kr. Eigið fé nam 268 m.kr.





Höfði

- Rekstrarafkoma Höfða 2015-2021
 - Á árinu 2016 var rekstrarafkoma fyrir óreglulega liði neikvæð um 32,7 m.kr. Lífeyrisskuldbinding var yfirtekin af ríkissjóði og eignaraðilum að fjárhæð 924,8 m.kr. og var það rekstrarafkoma jákvæð um 892,1 m.kr.
 - Árið 2018 náðist hagnaður af rekstri en rekstrarafkoma var jákvæð um 5,2 m.kr.
 - Á árinu 2021 var rekstrarhagnaður Höfða 65,5 m.kr.
 - Tekjur voru um 30 m.kr. hærri en áætlanir með viðaukum gerðu ráð fyrir og einnig voru rekstrargjöld um 30 m.kr. lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

